


Nótt ástmeyjanna færir sig um set

Sænska leikritið Nótt ástmeyjanna eftir Per Olov Enquist, sem sýnt hefur verið á litla sviði Þjóðleikhússins í vetur, hefur nú verið tekið til sýninga á Stóra sviðinu vegna mikillar aðsóknar.

Leikritið fjallar sem kunnugt er um leikritaskáldið Agúst Strindberg, hjónabandsferfið-leika hans og Siri von Essen og ymis mál, sem nú eru hvað efst á baugi varðandi jafnrétti kynjanna og mannlega sambúð. Leikhúsgestir og leikgagnrýndur hafa lokið miklu lofsorði á sýninguna.

Þær breytingar hafa orðið á hlutverkaskipan að Kristbjörg Kjeld tekur nú við hlutverki Marie David, sem Edda Þórarinsdóttir lék áður. Marie er í leikritinu dönsk vinkona Siri von Essen, sem Strindberg sagnar um að hafa tekið frá sér eiginkonuna. Fjórdi hlutverk leikritsins er leikið af Bessa Bjarnasyni og Sigmundi Erni Arngrímssyni til skiptis.

Nótt ástmeyjanna var frumsýnt á Dramaten í Stokkhólmi fyrir einu og hálfu ári og hefur síðan verið sýnt um öll norðurlönd og í fjölmörgum öðrum löndum Evrópu. Þykir það merkasta sænska leikritið sem



Kristbjörg Kjeld hefur nú tekið við hlutverki Maríu David af Eddu Þórarinsdóttur. Siri von Essen leikur Helga Bachmann.

fram hefur komið lengi. Höfundur þess fékk fyrir nokkrum árum bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs og þykir í hópi efnilegustu höfunda á norðurlöndum nú.

Næsta sýning á Nótt ástmeyjanna er á sunnudagskvöld.



Björg Þorsteinsdóttir við nokkrar myndanna á sýningunni. —Ljós. JA

ÓVENJULEG MYNDLIST

„Kveikjan að þessari sýningu var sú, að seint á síðasta ári komu málefni vangefinna miklið til umræðu“, sagði Björg Þorsteinsdóttir í samtali við Vísi.

„Í þessum umræðum sagði einhver að þetta fólk kæmi okkur öllum við. Það ætti því ekki að gleyma því inni á stofnunum. Þetta varð til þess að ég fór að safna myndum frá nokkrum stofnunum vangefinna.“

Upphaflega var meiningin að fá myndir frá öllum stofnunum á landinu, en þegar ég var búin að fá myndir frá fjórum þeirra, þ.e. Skálatúni, Lyngási,

Bjarkarási og Óskjuhlíðarskólanum, þá var þetta orðið svo víðamiklið að ég réði ekki við meira.“

A þessari sýningu á myndverkum vangefinna á Loftinu eru um 60 myndir eftir fólk á aldrinum 6-42 ára. Þetta er sölu-sýning og er verð myndanna sem margar hverjar eru mjög fallegar frá fimm til tíu þúsund krónur.

Sýningin verður opnuð á laugardaginn kl. 4 og verður opin á verslunartíma og á laugardögum kl. 14-18 næstu þrjár vikur.

KONUR Í STRÍÐI

Ein af kunnustu kvikmyndunum sem gerðar hafa verið í Sovétríkjunum síðustu árin: „Og hér ríkir kyrrð í dögun“ verður sýnd í Laugarásblói á laugardaginn kl. 13:30.


Myndin er sýnd á vegum félagsins MÍR, Menningartengsl Íslands og Ráðstjórnarríkja, og er sú fyrsta af nokkrum sovískum kvikmyndum, gömlum og nýjum, sem félagið hyggst efna til sýninga á fyrir almenning á næstunni.

Leikstjóri þeirrar kvikmyndar sem nú verður sýnd er Stanislav Rostotski, en myndin er byggð á samnefndri skaldsögu eftir Boris Vasiljev.

Sagan gerist á dögum síðari heimsstyrjaldarinnar, í maí-

mánuði 1942. Hún segir frá fimm ungum konum, sem gegna herþjónustu í loftvarnasveit að baki víglínunnar í Rússlandi, og liðþjálfar þeirra, sem er karlmaður. Þau eru send frá bælistöðvum sínum inn í skógin til að leita þar uppi og hefta frekari för þýskra fallhlífarmanna, sem lent hafa á sovísku landi. Sagan lýsir órlagaríkum leiðangri liðþjálfans og kvennanna fimm og jafnframt er brugðið upp svipmyndum úr lífi þeirra og fjölskyldna þeirra fyrir stríð.

Kvikmyndin „Og hér ríkir kyrrð í dögun“ var gerð 1972 og hefur hlotið góða dóma hvarvetna þar sem hún hefur verið sýnd.



Þetta verk norsku listakonunnar Synnevu Aurdal heitir Rauður ballett. Synneva vinnur nú að norsku gjöfnni í Þjóðarbókhöðuna langþráðu.

Vefnaður á flakki um Norðurlöndin

Glæsileg sýnishorn norrænnar veflistar að Kjarvalsstöðum

Veggirnir erfiðir

Þær Asgerður, Sigrún, Ragna og Þorbjörg létu allar vel af sýningunni og töldu mikinn feng að henni hingað. Hins vegar sögðu þær að veggir sýningar-salanna að Kjarvalsstöðum hentuðu ekki vel fyrir sýningu á listaverkum úr vefnaði. Hefðu þær heldur kosid að veggirnir væru hvítir, þar sem þá væri engin hætt á að verkin féllu inn í bakgrunninn.

Verkin á sýningunni spanna yfir myndvefnað, teppi, ásaum, tauprykk, „Patchwork“-teppi, macramé, rýjateppi, batik, þrjón, göbelin, ofinn skúlpúr og allskonar blandaða vefækni.

Sýningin verður opnuð á laugardaginn og stendur til 20. febrúar. Þess má geta að Flugleiðir bjóða fólki utan af landi sérstakan helgarafslátt meðan sýningin stendur yfir.

„Það er mikil hvatning sérstaklega fyrir okkur sem erum að byrja á þessu að fá tækifæri til að senda verk á svona sýningu“, sagði Þorbjörg Þórbjörnsdóttir þegar Vísi leit inn að Kjarvalsstöðum þar sem þær Asgerður Búadóttir, Sigrún Sverrisdóttir, Ragna Róbertsdóttir og Þorbjörg voru að ganga frá uppsetningu sýningar á norrænni veflist.

Sýningin heitir Nordisk textiltiennale 1976-77 og var hún fyrst opnuð í Listasafninu í Alaborg í fyrrasumar. Síðan hefur sýningin verið í Höviködden listamiðstöðinni í Osló, Listasafninu í Málmei og Waino Aaltonen listasafninu í Abo. Héðan fer hún svo til Listaskálans í Þórshöfn.

Mikil lyftistöng

Þessi veflistarsýning er hin fyrsta sinnar tegundar, en fyrirhugað er að sams konar sýning

verði haldin þriðja hvert ár og fari þá um öll norðurlöndin eins og nú. Aðalhvatamaður að sýningunni var Nanna Hertoft frá Danmörku.

Asgerður Búadóttir sagði í samtali við Vísi að það yrði mikil lyftistöng fyrir vefnaðarlistina hér ef framhald yrði á þessu, en það væri talsvert undir því komið hvernig þessi sýning tækist. Eftir móttökum gagnrýnenda að dæma hefur tekist vel til, því þeir hafa alls staðar lokið miklu lofsorði á sýninguna.

Asgerður sat fyrir Íslands hönd í dómnefnd kunnáttumanna frá öllum norðurlöndunum. Sagði hún að nefndinni hefðu borist 665 verk og úr þeim fjölda hafi verið valin 116 verk 95 listamanna. 6 íslenskir listamenn eiga verk á sýningunni, en alls sendu 16 íslendingar inn verk.



Sigrún Sverrisdóttir, Ragna Róbertsdóttir, Þorbjörg Þórbjörnsdóttir og Asgerður Búadóttir önnuðust undirbúning og uppsetningu sýningarinnar, en þær eiga þar allar verk. Hér eru þær hjá verkum Asgerðar, sem bæði heita ís og eldur.

Ljós. JA.